

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 180 31. október 1962, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

1. gr.

Í stað 7., 8. og 9. gr. reglugerðarinnar komi ný grein svohljóðandi:

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla hafa m. a. hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Verðlagsráð skal leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður verðlagstímabil.

Verðákvörðun Verðlagsráðs fyrir hvert tímabil skal vera lokið 20 dögum áður en það tímabil hefst.

Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðum til yfirnefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð um þau. Skal fiskverð tilkynnt þannig áður en nýtt verðtímabil hefst.

Reglugerð þessi er sett skv. l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. desember 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 393 31. desember 1974 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Í stað orðanna „til 31. desember 1975“ í B-lið 3. gr. reglugerðarinnar komi orðin: til 1. apríl 1976.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. desember 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.